

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 27/2002

frá 19. apríl 2002

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 133/2001 frá 9. nóvember 2001⁽¹⁾.
- 2) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2001/27/EB frá 10. apríl 2001 um aðlögun að tækniframförum á tilskipun ráðsins 88/77/EBE um samræmingu laga aðildarríkjanna um ráðstafanir sem ber að gera til að stemma stigu við losun mengandi lofttegunda og efnisagna frá þrýstikveikjuhreyflum til notkunar í ökutæki og losun mengandi lofttegunda frá rafkveikjuhreyflum, knúnum með jarðgasi eða fljótandi jarðolíugasi, til notkunar í ökutæki⁽²⁾, eins og hún var leiðrétt með Stjtið. EB L 266, 6.10.2001, bls. 15, skal felld inn í samninginn.
- 3) Aðlögunarliðirnir við tilskipun ráðsins 88/77/EBE frá 3. desember 1987 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi aðgerðir gegn mengandi efnum í útblæstri dísilhreyfla til nota í ökutækjum (Stjtið. EB L 36, 9.2.1988, bls 33) sem kveðið er á um í XI. kafla I. viðauka við lögin um aðildarskilmála lýðveldisins Austurríkis, lýðveldisins Finnlands og konungsríkisins Svíþjóðar og aðlögun að sáttmálunum sem Evrópusambandið byggir á⁽³⁾ skulu felldir inn í samninginn.
- 4) Nauðsynlegt er að breyta aðlögunarliðunum í samningnum við tilskipun 88/77/EBE vegna aðildar Austurríkis, Finnlands og Svíþjóðar að Evrópusambandinu.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 22, 24.1.2002, bls. 20 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 6, 24.1.2002, bls. 15.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 107, 18.4.2001, bls. 10.

⁽³⁾ Stjtið. EB C 241, 29.8.1994, bls. 21, eins og þau voru aðlöguð með Stjtið. EB L 1, 1.1.1995, bls. 1.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar skulu gerðar á 44. lið (tilskipun ráðsins 88/77/EBE) í I. kafla II. viðauka við samninginn:

1. Eftirfarandi undirliðir bætist við:

„- **1 94 N:** Lögum um aðildarskilmála lýðveldisins Austurríkis, lýðveldisins Finnlands og konungsríkisins Svíþjóðar og aðlögun að sáttmálunum sem Evrópusambandið byggir á (Stjtið. EB C 241, 29.8.1994, bls. 21, eins og þau voru aðlöguð með Stjtið. EB L 1, 1.1.1995, bls. 1),

- **32001 L 0027:** Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2001/27/EB frá 10. apríl 2001 (Stjtið. EB L 107, 18.4.2001, bls. 10), eins og hún var leiðrétt með Stjtið. EB L 266, 6.10.2001, bls. 15.“

2. Í aðlögunartextanum falli orðin „12 fyrir Austurríki“, „17 fyrir Finnland“ og „5 fyrir Svíþjóð“ niður.

2. gr.

Texti tilskipunar 2001/27/EB, eins og hún var leiðrétt með Stjtið. EB L 266, 6.10.2001, bls. 15 og aðlögunarliðanna við tilskipun 88/77/EBE sem kveðið er á um í XI. kafla í I. viðauka við lögum um aðildarskilmála lýðveldisins Austurríkis, lýðveldisins Finnlands og konungsríkisins Svíþjóðar og aðlögun að sáttmálunum sem Evrópusambandið byggir á, á íslensku og norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 20. apríl 2002, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni(*).

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 19. apríl 2002.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður*

P. Westerlund

*Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar*

P.K. Mannes M. Brinkmann